# Einhverfa í Evrópu

## (Autism Spectrum Disorders in the European Union)

www.asdeu.eu

**Höfundar:**

Þóra Leósdóttir

Evald Sæmundsen

Sigríður Lóa Jónsdóttir

Laufey I. Gunnarsdóttir

asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

# Rannsóknar- og samstarfsverkefni

- Alls 20 stofnanir í 14 löndum Evrópu
- Greiningar- og ráðgjafarstöð er fulltrúi Íslands
- Rannsóknasvið hefur umsjón





ASDEU Partners
Countries participating in the Prevalence Study (12 Member States)
Autism Europe (>80 members in >30 European Countries)
EU-AIMS Coordinator (>80 clinical/research centres from 37 European Countries)
0 250 500 1.000 km

# Verkefnishópur á GRR

Dr. Evald Sæmundsen, sálfræðingur og sviðsstjóri rannsóknasviðs

Sigríður Lóa Jónsdóttir, sálfræðingur

Þóra Leósdóttir, iðjuþjálfi

Laufey I. Gunnarsdóttir, þroskaþjálfi og einhverfuráðgjafi

Andrea Katrín Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi

Dr. Ingibjörg Georgsdóttir, barnalæknir

# Meginmarkmið

asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

- Þróa tillögur sem endurspegla gagnreynda þekkingu á einhverfu og réttindabaráttu samtaka fatlaðra í Evrópu
- Vera í takt við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
- Fá upplýsingar um algengi einhverfu, snemmtæka greiningu og íhlutun auk þess að skilgreina þarfir og þjónustu fyrir einhverfa allt æviskeiðið

# Verkefnið er þríþætt
## (verkefnapakkar 1-3)

- **1:** Algengi einhverfu og samfélagslegur kostnaður
- **2:** Skimun, greining og íhlutun vegna einhverfu hjá börnum
- **3:** Þjónusta við fullorðið og aldrað einhverft fólk

# Verkefnapakki 1: Algengi og samfélagslegur kostnaður

## Markmið:

- Mat á algengi einhverfu og einstakra undirflokka innan Evrópusambandsins og mat á kostnaði, hvort sem hann er félagslegur eða efnahagslegur



asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

# Vísindalegur ávinningur

- ASDEU-WP1 rannsókn á algengi ASD í Evrópu nær til 14 landa í aldurshópunum 7-9 ára
- Rannsóknir í tíu löndum munu nota tveggja þrepa aðferðafræði
- Heilbrigðisgagnagrunnar Danmörku og Finnlands munu verða ytri viðmiðun
- Með þessu samevrópska rannsóknarneti má ætla að skapist almennt **meiri þekking** á einhverfu og hvað felst í auknu algengi

# Vísindalegur og hagnýtur ávinningur

asdeu
Autism Spectrum Disorders
in the European Union

- Vitneskja um algengi ASD hjá íslenskum börnum auðveldar mat á því hversu **mörg** þeirra þurfa á þjónustu að halda og **hvers konar** þjónustu þarf að veita til dæmis varðandi snemmgreiningu og -íhlutun
- Hafin er gagnasöfnun á grundvelli hefðbundinnar aðferðafræði sem byggir á skrám GRR og BUGL (cand psych verkefni við HÍ)

# Vísindalegur og hagnýtur ávinningur

- Nauðsynlegt að þróa nýja aðferðafræði við að fylgjast með algengi ASD á Íslandi
- Gerir kleift að vakta algengi ASD á og sjá hvaða áhrif breyttar skilgreiningar í ICD-11 hafa á þar á
- Búast má við breytingum á ICD-11 í áttina að skilgreiningum DSM-5



asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

# Hagnýtur ávinningur

- Greiningaraldur er grófur mælikvarði á það hvort börn fái snemmtæka íhlutun og hversu vel þjónustukerfið stendur sig
- Með því að kanna sérstaklega verklag við greiningu á ASD hjá börnum er lagður grunnur að **klínískum leiðbeiningum**



# Verkefnapakki 2: Að finna einhverfu snemma, greining og gagnreynd íhlutun

- **Bakgrunnur**
  - Einhverfa finnst og greinist **seint** hjá háu hlutfalli barna sem eru með röskunina
  - Margar skimunarrannsóknir hafa verið gerðar í Evrópu, en þekkingin hefur **ekki** skilað sér í reglubundna þjónustu fyrir börn í viðkomandi löndum
  - Margar rannsóknir og yfirlitsgreinar eru fyrirliggjandi á árangri meðferðar, en niðurstöður hafa **ekki** verið fluttar yfir í leiðbeiningar um íhlutun

# Markmið 1: Að gera yfirlit um viðurkennt verklag við að finna einhverfu snemma og við snemmtæka íhlutun

asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

## Aðferðir

- Kerfisbundin samantekt á rannsóknum á þessu sviði
- Spurningakönnun á netinu í a.m.k. 12 þáttökulöndum
- Eigindlegar rannsóknir (rýnihópar og viðtöl)
- Rýnihópur sérfræðinga
- Fundur og samráð við rýnihóp sérfræðinganna

# Markmið 2: Að finna líffræðilega þætti sem gagnast við að bera kennsl á og greina einhverfu snemma

asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

**Aðferðir**

- Notaðar verða nokkrar af þeim sömu aðferðum og í tengslum við markmið 1, þ.e. kerfisbundin samantekt á rannsóknum, spurningakönnun á netinu og rýnihópur sérfræðinga

**Framvinda**

- Vinna er komin áleiðis við gagnasöfnun á rannsóknum sem tengjast markmiðinu

# Markmið 3: Að þróa efni til kennslu og þjálfunar sem mun nýtast við að finna einhverfu snemma og fyrir viðeigandi íhlutun

**Aðferðir**

- Byggt verður á niðurstöðum sem tengjast markmiðunum. Sérfræðihópur verður settur á laggirnar sem mun þróa efni sem tengist þessu

**Framvinda**

- Vinna hefst í september 2016



# Verkefnapakki 2 - væntanlegar niðurstöður:

- **Leiðbeiningar** um hvernig megi bera **kennsl** á einhverfu snemma í lífi barna, greina þau á réttan hátt og veita þeim **fullnægjandi** snemmtæka íhlutun til að tryggja sem bestan **árangur**

- **Skýrsla** um viðurkennt verklag við að bera kennsl á einhverfu snemma og snemmtæka íhlutun í löndum Evrópusambandsins



# Verkefnapakki 3: Fullorðnir og aldraðir einhverfir

asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

**Meginmarkmið**

- Að þróa alhliða umgjörð sem leiðir til bættrar meðferðar og þjónustu fyrir fullorðna og aldraða einhverfa með því að innleiða nálgun sem tekur mið af fullorðinsárunum.



# 5 sértæk markmið sem varða:

1. Uppbyggingu **fjölfaglegrar** þjónustu
2. Meðferð og þjónustu sem varðar **meðraskanir**
3. Aðgengi að hjálp í **greiningarferli** og eftir greiningu þegar einhverfa finnst hjá fullorðnum
4. Þjónustu þegar **umskipti** verða í lífi fólks
5. Umönnun **aldraðra** og mikilvægi **sértækra** þarfa



# Verkefnapakki 3

asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

## Framkvæmd:

- Safnað er upplýsingum um hvað er **vitað** og hvað er **gert** varðandi meðferð og þjónustu við þennan aldurshóp hér á landi
- Vefleit og skráning á birtu efni, skjölum, skýrslum og fræðigreinum
- Viðtöl við ýmsa lykilaðila á vettvangi

# Niðurstöður - vefleit

| Tegund | Fjöldi |
| --- | --- |
| Vefsíður | 3 |
| Leiðbeiningar (e. guidelines) | 0 |
| Skýrslur | 0 |
| Rannóknarverkefni | 2 |
| Birtar fræðigreinar | 2 |
| **Alls** | **6** |

# Hvar er þjónusta við fullorðna og aldraða einhverfa?

asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union



# Fyrstu niðurstöður - lykilaðilar

| Vettvangur | Viðmælendendur |
| --- | --- |
| Ríki | 4 |
| Sveitarfélög | 4 |
| Sjálfseignarstofnanir og samtök | 4 |
| Einkaaðilar | 5 |
| **Alls** | **17** |

# Fyrstu niðurstöður - lykilaðilar

asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

**Fjölfagleg þjónusta vegna einhverfu:**

- Er hvergi nema á geðdeild LSH en vísir að henni hjá Janus endurhæfingu. Specialisterne – en er ekki fjölfaglegt.
- Sértæk búsetuúrræði fyrir einhverfa.
- Brýnustu úrbætur: Sérhæft teymi, þekkingarmiðstöð, bæta þekkingu í grunnþjónustu og aðgengi að henni
- Aukinn áhugi og vitund um einhverfu síðustu árin

# Fyrstu niðurstöður - lykilaðilar

**Meðferð við röskunum sem tengjast ASD:**

- Viðmælendur töldu allir að þarna skorti verulega á þjónustu sem tekur mið af einhverfu
- Stöku geðlæknar á stofu sem hafa reynslu af að sinna fullorðnum einhverfum
- Ýmis úrræði á vegum geðdeildar LSH, geðteymi innan heilsugæslu og önnur stuðnings- og endurhæfingarúrræði



# Fyrstu niðurstöður - lykilaðilar

asdeu
Autism Spectrum Disorders in the European Union

## Greining fullorðinna einhverfra:

- Geðdeild LSH – örteymi (0,6 stöðugildi)
- Ráðgjöf og stuðningur hjá hagsmunasamtökum
- Sérfræðingar á stofu

**Meira er ekki í boði varðandi greiningu fyrir fullorðið og aldrað einhverft fólk á Íslandi!**

# Fyrstu niðurstöður - lykilaðilar

**Þjónusta þegar umskipti verða í lífi fólks:**

- Ef mál koma upp t.d. ef umönnunaraðili fellur frá þá er það leyst
- Ekkert sérstakt verklag til að undirbúa einhverfa unglinga fyrir fullorðinsárin



# Fyrstu niðurstöður - lykilaðilar

**Þjónusta og umönnun aldraðra:**

- Ef einhverfur einstaklingur hefur búið í búsetuúrræði á vegum sveitarfélags þá býr hann þar áfram
- Engin sérhæfð þjónusta varðandi umönnun einhverfra aldraðra á hjúkrunarheimilum



# Hvar er allt fólkið?